

Nesbúegg ehf.
Stefán Már Símonarson
Vatnleysuströnd
190 Vogar

Reykjavík 24. maí 2019
UST201901-222/gf
08.12.02

Varðandi vettvangsheimsókn 2019 - Nesbúegg - eggjabú á Vatnleysuströnd

Þann 17. apríl sl. fóru fulltrúar Umhverfisstofnunar í vettvangsheimsókn í eggjabú Nesbúegg ehf. á Vatnleysuströnd. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðila var bent á að samkvæmt skilgreiningu Matvælastofnunar er dauðfugl frá búinu í áhættuflokki 2 og skal þrýstisæfa fyrir urðun eða brenna.

Eitt frávik fannst frá kröfum sem gerðar eru til rekstraraðila, en samkvæmt ákvæði í VII kafla, 34. greinar laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skulu fyrirtæki með fleiri en 40.000 stæði fyrir alifugla færa grænt bókhald.

Nesbúegg ehf. hefur ekki verið að færa grænt bókhald.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 28. júní 2019.

Virðingarfyllst.



Gottskálk Friðgeirsson



Einar Halldórsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurnesjasvæðis (tölvupóstur)

EFTIRLITSSKÝRSLA

Nesbúegg ehf. Vatnsleysuströnd, 190 Vogar



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	17.4.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Nesbúegg ehf.	Eftirlitsmaður	Einar Halldórsson
Heimili	Vatnsleysuströnd	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	7112032140	Flokkur	Þauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Stefán Már Símonarson	ÍSAT nr.	01.47.2
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik fannst frá kröfum. Grænu bókhaldi hefur ekki verið skilað. Engar ábendingar eða athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsheimsókn vegna eftirlits hjá Nesbúegg ehf. á Vatnsleysuströnd, Stefán Már Símonarson var fulltrúi rekstraraðila og Einar Halldórsson og Gottskálk Friðgeirsson voru eftirlitsmenn Umhverfisstofnunar. Nesbúegg ehf. er með starfsleyfi sem gefið var út af heilbrigðisnefnd Suðurnesjasvæðis og gildir það til 2025. Starfsleyfið tekur til eldis á allt að 65.000 fuglum til framleiðslu á kjöti til mannelis eða eggjum og útungunarstöðvar en ekki til reksturs á sláturhúsi.

Dagskrá fundar:

- Velferð alifugla sbr. reglugerð nr. 135/2015
- Kröfur í starfsleyfi (HES)
 - Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu
 - BAT fyrir þauleldi, innleiðing ESB 2017
 - útblástur og hreinsun útblásturslofts
 - frárennsli og hreinsun frárennslis
 - efnanotkun og förgun spilliefna/lyfjaafganga
 - úrgangur og flokkun úrgangsefna
 - hæsnaskítur og geymsla/notkun áburðarefna- áburðaráætlun
 - hljóð og hávaði
 - lykt og nálægð við byggð
 - skráningar, skýrslur og dagbók
- Innra eftirlit fyrirtækisins
- Umhverfismarkmið

Skoðun í fyrirtækinu

1. Skoðar voru kröfur í reglugerð um velferð alifugla. Farið yfir búnað og tækni í búinu og aðferðir sem tryggja velferð fuglanna. Rætt um frárennsli og hreinsun á því eins um loftræstingu, varaafli og olíumannvirki þeim tengdum. Efnanotkun er í lágmarki og lyf nánast ekki notuð. Salmonellusýking hefur aldrei komið upp á búinu á Vatnsleysuströnd.

Þrjú hús með svokölluðum „hefðbundnum búrum“ munu vera tekin úr notkun fyrir 2022.

2. Farið var yfir eldri frávik og úrbætur. Brugðist hefur verið við öllum frávikum frá síðasta ári og því engin útafstandandi frávik í eftirfylgni.

a. Með nýrri reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit er ekki lengur tilvísun í eftirlitsflokka mengandi starfsemi. Kerfisbundið mat á umhverfisáhættu skal ráða tíðni eftirlits. Farið var yfir hugmyndir um áhættumatið með rekstraraðila og hvað er lagt til grundvallar.

b. BAT (besta aðgengilega tækni) fyrir þauleldi hefur var skilgreind og kemur fram í tilskipun ESB 2010/75/EU sem birt var í febrúar 2017. Niðurstöðurnar voru innleiddar í íslensk lög árið 2017 og koma til framkvæmda á árinu 2021. Almennu BAT niðurstöðurnar eru í 29 liðum en BAT 31 og BAT 32 taka á ammoníaklosun frá eldihúsum fyrir hænsfugla.

Rætt var almennum orðum um kröfur í BAT niðurstöðum.

c. Loftræsting og útblástur er í öllum eldihúsum rekstraraðila. Engin væting eða hreinsun er á loftun húsanna og hefur það aldrei komið að sök. Rykskiljur eru á fóðurtönkum. Kvartanir vegna ryks eða lyktar hafa ekki borist.

d. Farið var yfir skólp og fráveitu á svæðinu. Unnið hefur verið í úrbótum á fráveitukerfinu með gerð fleiri rotþróa. Lokið hefur verið við hreinsikerfi með lögn í átt til sjávar norðan búins.

e. Rætt var um innkaup og efnanotkun. Í grein 3.8 í starfsleyfinu segir að skrá skuli öll innkaup af efnum sem geta orðið að spilliefnum. Í grein 3.1 er útlitun á efnum sem flokkast sem spilliefni. Hættuleg efni og spilliefni skulu skráð

sérstaklega og gerð grein fyrir þeim í grænu bókhaldi rekstraraðila. Hreinsiefni eru einkum notuð við hreinsun og þökkun eggja og notuð eru viðurkennd þvottaefni. Lyf eru að sögn ekki notuð í eldinu.

f. Úrgangur er flokkaður og verktakar sjá um að tæma gáma. Dauðfugl er geymdur í lokuðum gámum og afhentur viðurkenndum móttökuaðila. Athugið að samkvæmt skilgreiningu MAST er dauðfugl í áhættuflokki 2 og skal þrýstisæfa fyrir urðun eða brenna.

g. Úrgangur frá búinu er mest hæsnaskítur. Færibandakerfi færir hæsnaskítinn í steinsteypta pró utanhúss eða beint í flutningskór sem notuð eru til þess að keyra hæsnaskítinn á þá staði þar sem hann er notaður sem áburður á land í samræmi við dreifingaráætlun sem stofnuninni er send í upphafi árs (fyrir 1. mars ár hvert). Alls á að dreifa 3.175 tonnum af hæsnaskít á árinu 2019.

Haugsetning skal fara fram þegar jörð er frosin og á tímabilinu 1. nóvember til 1. mars en þá er óheimilt að dreifa skít.

h. Alllangt er í næstu nággranna og engar kvartanir hafa borist vegna hljóðmengunar.

i. Sama á við um lykt og ryk, langt er í næstu nággranna og engar kvartanir hafa borist.

j. Farið var yfir skráningar og skýrslur sem rekstraraðili skal gera. Ágætar skráningar eru en grein 10.1 í starfsleyfi listar upp þær skráningar sem krafist er. Eins er krafa í grein 3.8 eins og áður hefur verið talað um að skrá skuli öll innkaup á efnum sem geta orðið að spilliefnum.

Áburðaráætlun barst á réttum tíma (fyrir 1. mars sl.) og útstreymisbókhald skal berast stofnuninni fyrir 1. maí.

Samkvæmt lögum nr. 7/1998 eiga rekstraraðilar með þauleldi yfir 40.000 fuglastæði og svínabú með meira en 2.000 stæði fyrir svín (yfir 30 kg) eða meira en 750 stæði fyrir gyltur að færa grænt bókhald.

Nesbúegg ehf. á Vatnsleysuströnd er með allt að 65.000 fugla bú og þarf því að færa grænt bókhald og skal því skilað ár hvert fyrir 1. maí. Þetta skráist hér sem frávik frá kröfum til rekstraraðila.

3. BAT kröfur sem væntanlegar eru krefja þauleldisbú, af þeirri stærð sem Nesbúegg ehf. á Vatnsleyfuströnd rekur, um að taka upp umhverfisstjórnunarkerfi og er innra eftirlit fyrirtækisins ágætt innlegg í þá vinnu. Sjá BAT niðurstöður um EMS í kafla 1a.

4. Afhentur var bæklingur Umhverfisstofnunar um mælanleg umhverfismarkmið og rætt um mikilvægi þess að starfsmenn séu upplýstir um umhverfismarkmið fyrirtækisins. Þannig að allir séu að róa samtaka og í sömu átt að því að ná markmiðunum.

Farið var í skoðunarferð um svæðið. Farið var umhverfis eggjabúið með rekstraraðila og skoðuð aðstaða til flokkunar úrgangs og nýjungar í fráveitu búins skoðaðar.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

kröfum í lögum nr. 7/1998 um að rekstraraðili færi grænt bókhald.

Samkvæmt ákvæði í VII kafla, 34. grein laganna og viðauka I, starfsemi A, lið 6.6 þá skulu rekstraraðilar með eldi alifugla með fleiri en 40.000 stæði fyrir alifugla færa grænt bókhald.

ÁBENDINGAR


Athugið að samkvæmt skilgreiningu MAST er dauðfugl í áhættuflokki 2 og skal þrýstisæfa fyrir urðun eða brenna.

ANNAÐ

Bæklingur Umhverfisstofnunar um umhverfismarkmið var afhentur í vettvangsheimsókninni..

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 24.05.2019



Gottskálk Friðgeirsson